

4. gr.

Verði hlutabréf ríkissjóðs í Gutenberg hf. seld öll eða að hluta skal leita samþykkis Alþingis fyrir þeirri sölu.

5. gr.

Iðnaðarráðherra fer með eignarhluta ríkisins í félaginu.

6. gr.

Ákvæði 2. mgr. 3. gr. laga um hlutafélög, nr. 32/1978, gildir ekki um tölu stofnenda í hlutafélaginu og 1. mgr. 17. gr. sömu laga gildir ekki um tölu hluthafa.

Að öðru leyti gilda ákvæði hlutafélagalaga um hið nýja félag og greiðir það opinber gjöld með sama hætti og almennt gildir um hlutafélög hér á landi.

Stofnfund hins nýja hlutafélags skal halda eigi síðar en þremur mánuðum eftir gildistöku laganna og skal leggja fram drög að stofnsamningi og samþykktum fyrir félagið á stofnfundinum.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Hlutafélag skv. 1. gr. yfirtekur ríkisprentsmiðjuna Gutenberg 1. janúar 1990.

Gjört í Reykjavík, 23. maí 1989.

Steingrímur Hermannsson.

Guðrún Helgadóttir.

Guðmundur Jónsson.

(L. S.)

Jón Sigurðsson.

BRÉF HANDHAFNA VALDS FORSETA ÍSLANDS um þinglausnir.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Að vér veitum hér með forsætisráðherra, Steingrími Hermannssyni, umboð til þess í voru nafni að slíta Alþingi 111. löggjafarþingi.

Gjört í Reykjavík, 20. maí 1989.

Steingrímur Hermannsson.

Guðrún Helgadóttir.

Guðrún Erlendsdóttir.

Steingrímur Hermannsson.